



LANDSSAMBAND smábátaeigenda

BANKASTRÆTI 6 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 12797/27922

Alþingi

Erindi nr. P 1121722
komudagur 26 13 19 90

23. mars 1990

Hv Sjávarútvegsnefnd Stefán Guðmundsson formaður

Vegna fyrirspurnar frá háttvirtum þingmanni Skúla Alexanderssyni á fundi Sjávarútvegsnefnda með undirrituðum nú fyrr í dag skal eftirfarandi tekið fram:

1. Ekki var séð fyrir þann vanda sem nú virðist yfirvofandi í grásleppuveiðum. Hann kann að leiða til þess að veiðimenn snúi sér í auknum mæli að þorskveiðum sem breytir þeim forsendum sem gengið var út frá í "Ákvæði til bráðabirgða" 5. mgr. II kafla. Því þykir Landssambandi smábátaeigenda rétt að benda á og ítreka gildi 1. liðs framlagðrar bókunar. Breytingin felst í því að í stað þess að bátum undir 6 brl skuli ákvörðuð aflahlutdeild ef aflinn fari fram yfir 25%...; að þá verði setningin orðuð á þann veg að "til greina komi að ákvarða" aflahlutdeild.


Þá vill L S taka fram að í viðræðum við Sjávarútvegsráðuneytið lögðum við mikla áherslu á að hafa óbreytt banndagakerfi fyrir báta undir 6 brl. og er það enn ein af meginkröfum L S.

2. L S hefur í engu kvikað frá grundvallarsjónarmiði sínu um að gefa eigi allar krókaveiðar frjálssar.
3. L S vill ítreka að ekki verður fallist á það samkomulag sem gert hefur verið ef framlögð bókun verður í einu og öllu hundsuð. Ef slík staða kemur upp leggur L S áherslu á að óbreytt fyrirkomulag verði á veiðum smábáta að því undanskildu að fjölgun verði ekki heimilud nema til komi sérstök úthlutun fyrir nýja báta.

Að lokum vill L S lýsa yfir áhyggjum á rýrum þorskveiðiheimildum sem grásleppubátar 6 brl. og stærri kunna að fá samkvæmt því frumvarpi um stjórnun fiskveiða sem nú liggur fyrir. Einkum á þetta við landssvæði þar sem grásleppuvertíðin er samtímis þorskanetavertíð þ e á Norður- og N-Austurlandi.

Virðingarfyllt

f. h. Landssambands smábátaeigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri
Landssambands smábátaeigenda